

10. APRÍL
2025

HARPA
ELDBORG

75
ÁRA

Draumóra- sinfónían

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Næturljóð 4´

Fiðlukonsert 30´

Sinfónía 50´

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Draumórasinfónían

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 10. APRÍL KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bertrand de Billy
hljómsveitarstjóri

Rainer Honeck
einleikari

Arnold Schönberg

Næturljóð fyrir strengi og hörpu (1896)

Alban Berg

Fiðlukonsert (1935)

I. Andante - Allegretto

II. Allegro - Adagio

Hlé

Hector Berlioz

Draumórasinfónían op. 14

(Symphonie fantastique) (1830)

Draumar - ástríður (Rêveries - Passions)

Dansleikur (Un bal)

Í sveitinni (Scène aux champs)

Ganga að fallöxinni (Marche au supplice)

Nornadraumur - Dies irae - Nornadans

(Songe d'une nuit du sabbat)

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Ljósmynd: Marco Borggreve

Bertrand de Billy

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Fransk-svissneski hljómsveitarstjórinn Bertrand de Billy skipar sér í fremstu röð tónlistarmanna og er eftirsóttur af bæði hljómsveitum og óperuhúsum. Hann fæddist í París og hefur starfað sem aðalstjórnandi m.a. við Liceu-óperuna í Barcelona (1999–2004) og Útvarpshljómsveit Vínarborgar (2002–2010). Hann var einnig um árabíl aðalgestastjórnandi Fílharmoníuhljómsveitarinnar í Dresden og Kammersveitarinnar í Lausanne.

Bertrand de Billy er eftirsóttur gestastjórnandi framúrskarandi hljómsveita víða um heim. Hann hefur meðal annars stjórnað Cleveland-hljómsveitinni, Konzerthaus-hljómsveitinni í Berlín og Útvarpshljómsveitinni í Bæjaralandi auk þess að stjórna óperuflutningi m.a. við Metropolitan-óperuna í New York, Staatsoper í Vínarborg og Berlín, La Monnaie í Brussel og Covent Garden í Lundúnum.

Á yfirstandandi tónleikaári stjórnar hann þekktum hljómsveitum svo sem Frönsku Þjóðarhljómsveitinni, Fílharmoníuhljómsveitinni í Monte Carlo, Suisse Romande hljómsveitinni, Bambergarsinfóníunni, Þjóðarfílharmoníunni í Hamborg og Sinfóníuhljómsveitinni í Malmö. Í Ríkisóperunni í Vínarborg (Wiener Staatsoper) þar sem hann er reglulegur gestur, stjórnaði hann á liðnu hausti *Rómeó og Júlíu* eftir Charles Gounod, *Ævintýrum Hoffmanns* eftir Jacques Offenbach, *Leðurblöku* Johanns Strauss og *Werther* eftir Jules Massenet. Þá stjórnaði hann í byrjun október sl. nýrri uppfærslu á óperu Verdis, *Nabucco*, í Ríkisóperunni Unter den Linden í Berlín. Í lok janúar 2026 bíður hans svo frumsýning á Töfraflautu Mozarts í nýrri uppsetningu Vínaróperunnar.

Bertrand de Billy hefur sjö sinnum áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum við afar góðar undirtektir, en hann gegndi stöðu aðalgestastjórnaða hljómsveitarinnar frá 2021–23 og flutti á þeim árum meðal annars allar sinfóníur Johannesar Brahms og *Sálumessu* meistarans með hljómsveitinni.



Rainer Honeck

EINLEIKARI

Rainer Honeck fæddist árið 1961 í bænum Nenzing í Vorarlberg sem er eitt af sjö sambandsríkjum Austurríkis og liggur vestast í landinu. Hann hóf fiðlunám sjö ára gamall og stundaði síðar framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Vínborg hjá Edith Bertschinger og Alfred Staar. Árið 1981 var hann ráðinn í fyrstu fiðludeild hljómsveitar Ríkisóperunnar í Vín þar sem hann var skipaður konsertmeistari þremur árum síðar. Sama ár gekk hann í raðir Fílharmoníuhljómsveitar Vínborgar þar sem hann tók sæti sem konsertmeistari árið 1992.

Til eru hljóðritanir þar sem þekktar fiðlustrófur hljóma í meðförum Honecks, þar á meðal úr Scheherazade eftir Rimskíj-Korsakov með Vínarfílharmoníunni undir stjórn Seiji Ozawa (Philips) og Heldenleben eftir Richard Strauss með sömu hljómsveit og Christian Thielemann (Deutsche Grammophon).

Meðfram hljómsveitarstarfinu hefur hann komið fram sem einleikari víða í Evrópu, Ameríku og Asíu. Þar ber hæst einleikur með Vínarfílharmoníunni, Lundúnasinfóníunni, hljómsveit Marinskíj leikhússins í St. Pétursborg og Pittsburg-sinfóníunni undir stjórn þekktra hljómsveitarstjóra. Má þar nefna Herbert Blomstedt, Semyon Bychkov, Christoph von Dohnányi, Daniele Gatti, Valery Gergiev, Daniel Harding, Manfred Honeck, Mariss Jansons, Zubin Metha, Riccardo Muti, Kirill Petrenko og Michael Tilson Thomas. Sem leiðari kammersveitarinnar Wiener Virtuosen og konsertmeistari Ensemble Wien og kammerhljómsveitarinnar Wien-Berlin er hann mjög virkur sem kammarmúsikant.

Á síðari árum hefur Honeck stigið upp á hljómsveitarstjórappallinn og stjórnað hljómsveitum austan hafs og vestan - meðal annars Sapporo Sinfóníunni og Yomiuri Nippon Sinfóníuhljómsveitinni í Japan, Sinfóníuhljómsveitinni í Malmö, hljómsveit Marinskíj leikhússins í St. Pétursborg, Fílharmoníuhljómsveitinni í Nice og Austurrísk-Ungversku Haydn-fílharmoníunni.

Rainer Honeck leikur á „ex Hämmerle“ Stradivarius-fiðluna frá 1709 sem er í eigu Seðlabanka Austurríkis (Österreichische Nationalbank).



**Tónlistin og
Sinfóníuhljómsveit Íslands**
Næturljóð Schönbergs fyrir
strengi og hörpu hljómar
nú í fyrsta sinn á tónleikum
Sinfóníuhljómsveitar
Íslands.

Arnold Schönberg


NÆTURLJÓÐ FYRIR STRENGI OG HÖRPU

Arnold Schönberg (1874–1951) var sjálflærður bæði sem tónskáld og listmálari. Ungur las hann raddskrár uppáhaldstónskálda sinna; Bachs, Mozarts og Beethovens og ákvað að gerast tónskáld. Í bók sinni „*My Evolution*“ frá 1949 segir hann að allt til 17 ára aldurs hafi þessar tilraunir til tónsmíða einskorðast við eftirlíkingar af því sem hann hafði kynnst sem voru dúettar annars vegar og hins vegar lúðrasveitartónlist sem hann heyrði í almenningsgörðum. Einu tilsögnina fékk hann hjá tilvonandi mági sínum, Alexander Zemlinsky, en honum kynntist hann haustið 1895.

Zemlinsky var á þessum tíma formaður Polyhymnia tónlistarfélagssins sem samanstóð af nokkrum tónlistaráhugamönnum sem hittust og æfðu reglulega. Samkvæmt Zemlinsky voru í hópnum nokkrar fiðlur, víóla, selló og kontrabassi og bakvið sellóið sat Schönberg sem „spilaði af miklum eldmóði en ekki hreint...“

Þann 2. mars 1896 hélt Polyhymnia sína fyrstu tónleika í sal stórkaupmanna í Vínarborg. Á efnisskránni voru nokkur verk eftir Alexander Zemlinsky, þar á meðal *Waldgespräch* (*Skógarsamræður*) og fyrsti opinberi flutningur á verki eftir Arnold Schönberg: „einkar tilfinningaríkt næturljóð fyrir strengjasveit og einleiksfiðlu“ stóð í tímaritinu *Neue musikalische Presse* 15. mars 1896.

Lengi var álitíð að *Notturmo* Schönbergs hefði lent í glatkistunni þar til breski tónlistarfræðingurinn Anthony Beaumont bar kennsl á verkið þar sem það hafði ratað inn á verkaskrá Schönbergs sem *Adagio fyrir hörpu og strengi* og var geymt á safni í Washington. Með því að að bera saman einstaka hljóðfæraparta þessa verks og *Skógarsamræður* Zemlinskys, til dæmis handskrifaðar fingrasetningar í sellópörtunum, var hægt að sannreyna að um ritönd Schönbergs var að ræða, að *Næturljóð fyrir strengi og hörpu* var fundið og að höfundurinn hafði sjálfur spilað við frumflutning verksins.



Portrett af Alban Berg, málað af
Arnold Schönberg árið 1910.

Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ítalski fiðluleikarinn Pina Carmirelli lék fiðlukonsert Bergs í fyrsta sinn á Íslandi með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1973. Stjórnandi var Karsten Andersen. Páll P. Pálsson stjórnaði í næstu tvö skiptin, fyrst 1980 þegar Austurríkismaðurinn Ernst Kovacic mundaði fiðluna og árið eftir á útskriftartónleikum tónlistarskólanna þegar einleikshlutverkið var í höndum Friðriks Más Baldurssonar. Hannele Segerstam lék síðan konsertinn árið 1989 undir stjórn eiginmanns síns (Leif Segerstam) en síðast hljómaði konsertinn í meðförum Viviane Hagner og Sinfóníuhljómsveitarinnar á Listahátíð í Reykjavík 2008. Stjórnandi var Yan Pascal Tortelier.

Alban Berg

FIÐLUKONSERT „Í MINNINGU ENGILS“

Í febrúar 1935 barst Alban Berg ósk frá rússnesk-bandaríska fiðluleikaranum Louis Krasner um að skrifa fyrir sig fiðlukonsert. Berg hófst þó ekki strax handa enda var hann á þessum tíma niðursokkinn í vinnu við óperu sína *Lulu*. Þetta breyttist stuttu síðar þegar hann frétti af andláti hinnar 18 ára gömlu Manon Gropius. Lömunarveiki hafði dregið Manon til dauða þann 22. apríl en hún var dóttir Ölmú Mahler-Werfel og fyrrverandi manns hennar, arkitektsins Walters Gropius. Þau voru nánir vinir Berg hjónanna. Manon var í miklu uppáhaldi hjá Berg og ákvað hann að reisa henni minnisvarða með því að persónugera eðliseinkenni hennar í fiðlukonsertinum. Hann lauk við uppkast verksins 23. júlí og hreinritun raddskrárinnar þann 11. ágúst.

Konsertinn er í tveimur köflum sem hvor um sig er í tveimur hlutum. Í fyrri kaflanum, Andante-Allegretto, bregður Berg upp svipmyndum úr lífi stúlkunnar. Þjóðlag frá sambandslandinu Kärnten vísar til barnæsku hennar og fyrstu kynna þeirra og brot úr Vínarvalsi lýsir glaðværd og persónutöfrum Manon. Síðari kaflinn, Allegro-Adagio lýsir dauðastríðinu sem lýkur með sálmi Bachs, *Es ist genug* (*Það er fullkomnað*). Í niðurlaginu hljómar aftur þjóðlagið frá Kärnten.

Fiðlukonsertinn er síðasta fullgerða verk Bergs en hann lést af afleiðingum blóðeitrunar á aðfangadag sama ár. Konsertinn var frumfluttur af Louis Krasner 19. apríl 1936 í Palau de la Música Catalana í Barcelona undir stjórn Hermanns Scherchen.



Hector Berlioz

SYMPHONIE FANTASTIQUE

Hector Berlioz (1803–1867) fæddist í Côte-Saint-André sem er lítill bær sunnan við Lyon í Suðaustur-Frakklandi. Hann fékk snemma áhuga á tónlist og bókmenntum dyggilega hvattur af föður sínum sem var geðlæknir og mikill tónlistarunnandi. Honum var þó ætlað að feta í fótspor föðurins og fór hann átján ára gamall í læknanám til Parísar samkvæmt vilja foreldranna. Tónlistin átti þó hug hans allan og árið 1826 hóf hann nám í tónsmíðum og hljómfræði við Tónlistarháskólann í París.

Haustið 1827 fór Berlioz í Odéon-leikhúsið í París til að sjá enskan leikhóp flytja Hamlet eftir William Shakespeare. Í hlutverki Ófelíu var ung og fögur leikkona að nafni Harriet Smithson sem hreif alla með túlkun sinni og var Berlioz þar síst undanskilinn. Skrifaði hann stúlkunni í framhaldinu hvert ástarbréfið á fætur öðru en án árangurs. Þegar hann frétti að hún ætti sér ástmann fékk hann útrás fyrir harm sinn með því að skrifa sínfóníu sem átti eftir að valda straumhvörfum í hinum sínfóníska heimi - risavaxið tónaljóð, það fyrsta sinnar tegundar. Verkið fjallar um ungan tónlistarmann og óendurgoldna ást hans á fagurri draumadís. Í örvæntingu sinni reynir hann að stytta sér aldur með því að taka inn banvænan óþíumskammt en hann deyr ekki heldur fellur í djúpan vímusvefn og dreymir að hann hafi myrt ástina sína, sé dæmdur til dauða og leiddur á höggstokkinn.

Draumórasinfónían er hermitónlist og mælti tónskáldið svo fyrir að við flutning sínfóníunnar skyldi ítarleg skýring á söguþræði verksins fylgja efnisskránni. Þættir verksins eru sem hér segir:

1. *Draumar – ástríður (Rêveries – Passions)*. Höfundurinn ímyndar sér að ungur tónlistarmaður sem er truflaður á geði sjái í fyrsta skipti konu sem hefur allt til að bera sem hann hefur dreymt um, og hann verður yfir sig ástfanginn. Á óútskýranlegan hátt birtist honum hin fagra mynd aðeins samofin við stef sem er ástríðufullt en göfugt og hlédrægt í senn. Þetta tvíeyki, hin melódíska og sjónræna mynd, eltir hann stöðugt og birtist hvað eftir annað í allri sínfóníunni.

Tónlistin og

Sínfóníuhljómsveit Íslands

Draumórasinfónían heyrðist fyrst á tónleikum Sínfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói árið 1962 undir stjórn Jindrich Rohan. Á 75 ára ferli hljómsveitarinnar hefur hún hljómað næstum tuttugu sinnum ef með er talinn endurtekinn flutningur í Bandaríkjaferð sveitarinnar árið 2000 undir stjórn Ricos Saccani. Einnig stýrðu aðrir fyrrum aðalhljómsveitarstjórar hljómsveitarinnar, Bodhan Wodiczko, Jean-Pierre Jacquillat, Petri Sakari, Osmo Vänskä, Yan Pascal Tortelier og heiðursstjórnandinn Vladimir Ashkenazy allir flutningi á sínfóníunni. Baldur Brönnimann stjórnaði fyrsta flutningnum í Hörpu árið 2013 en síðast hljómaði hún þar í meðförum Ungsveitar Sínfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2023.

Sjálfur kallaði Berlioz fyrirbærið *idée fixe* eða þráhyggjustef. Þegar það heyrir í fyrsta sinn er það leikið af fiðlum og flautu en fyrsti þátturinn lýsir hinum ýmsu skapbrigðum „frá ljúfsárum draumi yfir í brjálaða ástríðu, afbrýðisemi, blíðu, tár og huggun í trúnni“ eins og Berlioz orðaði það.

2. *Dansleikur (Un bal)*. Listamaðurinn upplifir sig í margvíslegum aðstæðum - í hátíðarsamkvæmi, í friðsælli íhugun um fegurð náttúrunnar - en hvar sem hann er, í borginni, í sveitinni, birtist honum hin ástkæra mynd og kvelur sál hans.

3. *Í sveitinni (Scène aux champs)*. Ungi maðurinn sér sjálfan sig í sveitinni, það er kvöldsett og í fjarska leika hjarðsveinar svissneskan kúasmalasöng, *ranz des vaches*. Friðsæl tónlistin, landslagið og hljóðlátur bytur andvarans í trjánum kveikja hjá honum vonir. Það birtir til í sálinni og hann finnur frið á ný. Hann hugleiðir einmanaleika sinn og vonar að brátt verði hann ekki lengur einn. En hvað ef hún skyldi svíkja hann? Undir lokin leikur annar hirðanna kúasmalasönginn en hinn er horfinn á braut og svarar ekki lengur. Þrumur heyrast í fjarska... einsemd... þögn...

4. *Ganga að fallöxinni (Marche au supplice)*. Sannfærður um að ást hans verði aldrei endurgoldin reynir listamaðurinn að stytta sér aldur með stórum óþíumskammti. Hann fellur í djúpan svefn og dreymir að hann hafi myrt ástkonu sína, verið dæmdur og leiddur á höggstokkin og sé nú vitni að eigin aftöku. Gangan heldur áfram í takt við marsinn. Göngulagið er ýmist dapurlegt og ofsafengið eða bjart og hátíðlegt. Í lok göngunnar heyrast fyrstu fjórir taktar þráhyggjustefsins aftur eins og síðasta hugsun um ást sem er rofin með banvænu höggi.

5. *Nornadraumur – Dies Irae – Nornadans (Songe d'une nuit de Sabbat – Dies irae – Ronde du Sabbat)*. Listamaðurinn sér sjálfan sig á hvíldardegi mitt á meðal drauga, galdramanna og skrímsla af ýmsu tagi sem komin eru til að fylgja honum til grafar. Undarleg hljóð, stunur, hlátursköst og fjarlægur grátur heyrir. Hið ástkæra stef birtist aftur, en það hefur glatað eðli sínu - göfgi og hlédrægni - nú er það einungis skrumskælt danslag, ómerkilegt og afkáralegt. Þetta er hún sem er komin, gjörbreytt, líkt og stafið. Henni er fagnað og hún slæst í hinn ófrýnilega hóp. Útfararhringing glymur og í kjölfarið hljómar skopstæling á *Dies irae* (Dagur reiði, dagur bræði) sálumessusöng kápólsku kirkjunnar undir hringdansi norna.

Sigurður Ingvi Snorrason

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Gerður Gunnarsdóttir
Laura Liu
Hildigunnur Halldórsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Zbigniew Dubik
Sigrún Harðardóttir
Lin Wei
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Laufey Jensdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton

2. fiðla

Anton Miller
Gunnhildur Daðadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Ingrid Karlsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Justyna Bidler
Þórdís Stross
Hlín Erlendsdóttir
Greta Salóme Stefánsdóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þóriris
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Margrét Árnadóttir
Urh Mrak

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Steinunn Vala Pálsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau

Klarínnett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason
Finn Schofield
Rúnar Óskarsson

Saxófónn

Guido Baumer

Fagott

Louisa Slosar
Bryndís Þórsdóttir
Shunyu Liu
Hrafn Marinó Thorarensen

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Paul Pitzek
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Caroline Messner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Øyvind Lapin Larsen
Vilhjálmur Ingi Sigurðarson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron
Oren Marshall

Harpa

Katie Buckley
Elísabet Waage

Pákur

Soraya Nayyar
Holger Brust

Slagverk

Marco Santos
Steef van Oosterhout
Frank Aarnink

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tækniamaður

Á döfinni

25.04 FÖSTUDAGUR
Kl. 19:30



Ungir einleikarar

Tónleikarnir Ungir einleikarar er sannkölluð uppskeruhátíð en þar koma fram þeir nemendur sem urðu hlutskarpastir í einleikara- og einsöngskeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin öllum tónlistarnemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja. Óhætt er að segja að þeir sem koma hér fram eru framtíð íslenskrar tónlistar og spennandi að fylgjast með þeim feta sín fyrstu skref í atvinnumennsku.

Hljómsveitarstjóri tónleikanna er hinn georgíski Mirian Khukhunaishvili, en hann lauk doktorsnámi í hljómsveitarstjórn frá Tónlistarakademíunni í Kraká í Póllandi árið 2020. Khukhunaishvili hefur á síðustu árum unnið hverja hljómsveitarstjórakeppnina á fætur annarri. Hann leggur mikla rækt við samvinnu við ungt fólk og er hann stofnandi og tónlistarstjóri Ungmennahljómsveitarinnar í Tbilisi og um skeið kenndi hann hljómsveitarstjórn við Listaháskóla Íslands. Haustið 2025 tekur hann við sem tónlistarstjóri óperunnar í Wrocław. Einstök stemming einkennir þessa tónleika og eftirvæntingin ávallt mikil þegar sigurvegararnir stíga á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg. Einleikarar tónleikanna eru Bjargey Birgisdóttir, fiðluleikari, Katrín Birna Sigurðardóttir, sellóleikari og Steinn Völundur Halldórsson, básúnuleikari.

30.04

HÖFN Í HORNAFIRÐI
Kl. 19:00

01.05

VÍK Í MÝRDAL
Kl. 19:00

02.05

SELFLOSS
Kl. 19:00



Innanlandsferð

Sinfóníuhljómsveit Íslands er það mikið kappsmál að allir landsmenn fái notið tónleika hennar. Stefnumót hennar við áheyrendur víða um landið eru ævinlega skemmtileg og gefandi. Vorið 2024 heimsótti hljómsveitin Stykkishólm og Borgarnes í velheppnaðri tónleikaferð, en nú er ferðinni heitið á Suðurland, á Höfn í Hornafirði, Vík í Mýrdal og Selfoss.

Um tónsprotann heldur Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og með í för er Jóhann Kristinsson barítónsöngvari, sem er einn af okkar fremstu söngvurum af yngri kynslóðinni. Það er því sérstaklega ánægjulegt að heimsækja Höfn, Vík og Selfoss með glæsilega tónleikadagskrá sem hentar allri fjölskyldunni.

Á fjórða hundrað kórsöngvara tekur þátt í tónleikum ferðarinnar: á Höfn í Hornafirði syngja kórarnir Gleðigjafir, Karlakórinn Jökull, Kvinnakór Hornafjarðar og Samkór Hornafjarðar, í Vík syngja Kammerkór Tónskóla Mýrdalshrepps, Kirkjukór Prestbakkakirkju og Ásakórinn og á Selfossi Jórúkórinn, Karlakór Hveragerðis, Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsóknar, Kirkjukór Selfosskirkju, Sunnlenskar raddir, Söngsveit Hveragerðis og Sönghópur Tónlistarskóla Árnesinga.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónlistarveisla með Barböru Hannigan

5. JÚNÍ | KL. 19:30

Á þessum tónleikum býður Barbara Hannigan upp á efnisskrá þar sem gleði og húmor eru við stjórnvölinn. Við heyrum tónlist eftir Aaron Copland, Joseph Haydn, Jacques Offenbach og tónleikunum lýkur á tveimur ómótstæðilegum sönglögum Kurts Weill. Hannigan kom fyrst fram með hljómsveitinni árið 2022 og mun taka við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2026.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS